

## Fundargerð 437

Föstudaginn 26. febrúar 2016 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Herdís Á Sæmundardóttir formaður, Anna Guðrún Björnsdóttir (varamaður), Einar E. Einarsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Páll Baldursson, Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs (við dagskrárliði 1-8), Sigríður Elín Þórðardóttir sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 7), Sigurður Árnason sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 11), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Karl Björnsson boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 10:05 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2016
3. Fundargerðir lánanefndar
  - ...
4. Staða lánasafnsins 31.12.2015
5. 25 stærstu skuldarar Byggðastofnunar – kynning
6. Yfirlýsing til FME um að ekki sé greiddur kaupauki
7. Byggðaráðstefna 2016
8. Skýrsla regluvarðar
9. Breyting á skiptingu fjár til atvinnuþróunarfélaganna
10. Samningur við SASS um atvinnurágjöf á Suðurlandi
11. Aflamark Byggðastofnunar á Bakkafirði, Djúpavogi og Hrísey
12. Önnur mál
13. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 435 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

### 2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2015

AÐ fór yfir stöðu rekstrar í byrjun árs. Þá upplýsti AÐ um að skipt hefði verið um endurskoðanda Byggðastofnunar. Hinrik Gunnarsson löggiltur endurskoðandi kæmi í stað Sveinbjörns Sveinbjörnssonar. SBS fór yfir fund sem haldinn var með þingmönnum varðandi byggðaáætlun. SBS hafði áhyggjur af skorti á svörum frá ANR.

### 3. Fundargerðir lánanefndar

*Fundargerð lánanefndar nr. 3/16, 3. febrúar 2016*

AÐ fór yfir fundargerðina.

*Fundargerð lánanefndar nr. 4/16, 11. febrúar 2016*  
 AÐ fór yfir fundargerðina.

...

*Fundargerð lánanefndar nr. 5/16, 17. febrúar 2016*  
 AÐ og EGK fóru yfir fundargerðina.

...

*Fundargerð lánanefndar nr. 6/16, 24. febrúar 2016*  
 AÐ og EGK fóru yfir fundargerðina.

...

#### **4. Staða lánasafnsins 31.12.2015**

EGK fór yfir stöðu lánasafnsins og helstu vanskil.

#### **5. 25 stærstu skuldarar Byggðastofnunar kynning**

EGK fór yfir 25 stærstu lántakendur Byggðastofnunar.

#### **6. Yfirlýsing til FME um að ekki sé greiddur kaupauki**

Með bréfi dags. 12. febrúar 2016 vekur Fjármálaeftirlitið athygli stjórnar fjármálafyrirtækja á reglum nr. 700/2011 um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja.

Forstjóri leggur til að ekki verður greiddur kaupauki á árinu 2016.

Samþykkt samhljóða og forstjóra falið að upplýsa FME um niðurstöðuna.

#### **7. Byggðaráðstefna 2016**

SEÐ kom á fundinn undir þessum dagskrárlið. Til stendur að halda byggðaráðstefnu líka þeirri sem haldin var á Patreksfirði árið 2014. Til stendur að halda ráðstefnuna haustið 2016 á Breiðdalsvík. Rætt var um efni ráðstefnunnar og kostnað vegna hennar.

SEÐ vék af fundi.

Fundi frestað kl. 12:04 og framhaldið kl. 12:38

#### **8. Skýrsla regluvarðar**

HÁ fór yfir skýrslu regluvarðar vegna ársins 2015. Kynnti hann aukna eiginfjárkröfu FME.

Lagt var fram erindisbréf regluvarðar vegna ársins 2016 Hjalti Árnason verður regluvörður og Guðbjörg Sigurbjörnsdóttir til vara.

Erindisbréfið samþykkt og undirritað

## 9. Aflamark Byggðastofnunar á Bakkafirði, Djúpavogi og Hrísey

SÁ kom á fundinn undir þessum dagskrárlið. SÁ fór yfir minnisblað sem lá fyrir fundinum um stöðu mála í Grímsey og umsækjendur um aflamark á Bakkafirði, í Hrísey og á Djúpavogi.

Ein umsókn barst vagna aflamarks í Hrísey. K & G ehf. gerir ráð fyrir fjölgun starfa og aukinni hagkvæmni í vinnslu í Hrísey sem tryggir verkefnið til lengri tíma. Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við K & G ehf. um samstarf um nýtingu á 100 þorskígildistonnum af Aflamarki Byggðastofnunar í Hrísey til viðbótar þeim 150 þorskígildistonnum sem fyrirtækið er þegar með samning um.

Samþykkt samhljóða.

Ein umsókn barst í aflamark á Djúpavogi. Búlandstindur ehf. gerir ráð fyrir að með þessari aukningu takist að viðhalda þeim störfum sem þegar eru í vinnslu fyrirtækisins og voru að einhverju leyti í uppnámi þegar dráttur varð á að eldisfiskur kæmi til slátrunar hjá fyrirtækinu en nú er gert ráð fyrir því árið 2018.

Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Búlandstind ehf. um samstarf um nýtingu á 400 þorskígildistonnum af Aflamarki Byggðastofnunar á Djúpavogi til viðbótar þeim 400 þorskígildistonnum sem fyrirtækið er þegar með samning um.

Samþykkt samhljóða.

Fyrir liggja drög að samkomulagi umsækjenda á Bakkafirði um sameiginlega nýtingu á Aflamarki Byggðastofnunar eftir ákveðnum ramma sem byggir á því að Aflamark Byggðastofnunar er notað sem hlutfallsleg eftirá ívilnun fyrir þá aðila sem skila mestum afla til vinnslu á Bakkafirði og með utanaðkomandi eftirliti á því að væntanlegir samningsaðilar standi við þær skuldbindingar sem þeir takast á hendur.

Lagt er til að forstjóra verði falið að ganga til samninga við umsækjendur á Bakkafirði um samstarf á nýtingu á þeim aflaheimildum sem auglýstar voru 19. nóvember 2015.

Samþykkt samhljóða.

SÁ vék af fundi.

## 10. Breytingu á skiptingu fjár atvinnuþróunarfélaga

Við lokaafgreiðslu fjárlaga 2016 var framlag til atvinnuráðgjafarinnar hækkað um fimm milljónir frá þeirri tölu sem var í fjárlagafrumvarpi og gengið var út frá þegar stjórnin afgreiddi starfsáætlun 14. desember 2015. Lagt er til að skipting framlaga til atvinnuþróunar verði með eftirfarandi hætti:

Vesturland	kr. 21.242.000
Vestfirðir	kr. 40.206.000
Norðurland vestra	kr. 21.242.000

Eyjafjörður	kr. 17.888.000
Pingeyjarsýslur	kr. 14.534.000
Austurland	kr. 24.596.000
Suðurland	kr. 26.832.000
Suðurnes	kr. 21.780.000
<b>Samtals</b>	<b>kr. 188.320.000</b>
Sameiginlegir fundir og fræðsla	kr. 2.180.000
<b>Samtals</b>	<b>kr. 190.500.000</b>

Samþykkt samhljóða

## 11. Samningur SASS um atvinnuráðgjöf á Suðurlandi

AÐ og SBS fóru yfir stöðu mála varðandi atvinnuráðgjöfina á Suðurlandi. Í gildi er samningur milli Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og Byggðastofnunar um atvinnu- og byggðaþróun dagsettur 5. apríl 2013. Samkvæmt samningnum skal félagið ráða til starfa sérhæfða starfsmenn. SASS hefur sagt upp flestum atvinnuráðgjöfum og stefnir á að semja við aðra um atvinnuráðgjöfina, þar á meðal Háskólafélag Suðurlands.

Fundað var með stjórn SASS og framkvæmdastjóra á Selfossi 27. Janúar s.l. um stöðu mála og í framhaldi þar af var SASS sendur tölvupóstur dagsettur 5. febrúar með spurningum og ábendingum. Þeim tölvupósti svaraði SASS með tölvupósti dagsettum 16. febrúar. Þann 18. febrúar sendi SASS svo Byggðastofnun drög að samningi við samstarfsaðila (Háskólafélag Suðurlands) í tölvupósti til Byggðastofnunar.

Töluverðar umræður urðu um stöðu atvinnuráðgjafarinnar Suðurlandi og svo almennt. Tryggja þarf að þeir fjármunir sem til atvinnuráðgjafarinnar fara samkvæmt samningum skili sér í þeirri þjónustu sem ætlast er til samkvæmt samningum.

Formaður lagði til að fallist verði á að SASS geri samninga við tiltekna samstarfsaðila um atvinnuþróun eins og hún er skilgreind í samningi SASS og og Byggðastofnunar. Litið er svo á að um tilraunaverkefni sé að ræða. Að ári liðnu verður metið hvernig til hefur tekist og ákveðið með framhald.

Þá lagði formaður til að gerði verði úttekt á fyrirkomulagi og árangri hjá öllum þeim sem eru með samninga við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðaþróun á árinu 2017.

Samþykkt samhljóða.

## 12. Önnur mál

### *Lok íþróttanáms á Laugarvatni*

AÐ ræddi um lokun Háskóla Íslands á Laugarvatni. SBS hafði haft samband við rektor HÍ og óskað eftir gögnum sem lágu á bak við ákvörðunina. Engin svör hafa borist.

### *Vopnafjörður*

AÐ sagði frá íbúafundi á Vopnafirði út af vandamálum sem Grandi hf. hefur lent í út af viðskiptabanni Rússa og minni loðnuveiði. Vopnafjörður ekki brothætt byggð eins og hún

er skilgreind en ákveðið hefur verið að halda íbúáþing með sveitarfélaginu í maí. Ráðherra hefur ýjað að því að auknar veiðiheimildir í bolfiski komi á staðinn.

### *Búvörusamningar*

Byggðastofnun á von á að fá boð á kynningu á nýjum búvörusamningum. Ekki er enn vitað hvaða áhrif þetta muni hafa á lánveitingar stofnunarinnar til landbúnaðar, en lán í þeim flokki eru vaxandi hluti í útlánasafni stofnunarinnar. SBS upplýsti um hlutverk stofnunarinnar í samningnum um að skilgreina landssvæði sem háðust eru sauðfjárrækt og hvernig útdeilingu á sérstökum stuðningi til framleiðanda í sauðfjárrækt skuli háttáð.

SJ spurðist fyrir um bréf sem stjórn samþykkti að sent yrði til ráðherra á síðasta fundi stjórnar og ræddi um hve illa búvörusamningar kæmu við suma sauðfjárbændur. AÐ upplýsti að bréf hefði verið sent til ráðherra.

### **13. Næsti fundur**

Næsti fundur verður haldinn 17. mars 2016 á Selfossi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:50

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____